

Miðvikudaginn 2. febrúar 1966.

Nr. 197/1965. **Centrotex**

gegn

Helga Ásgeirssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Centrotex, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 2. febrúar 1966.

Nr. 198/1965. **Centrotex**

gegn

Helga Ásgeirssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Centrotex, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 2. febrúar 1966.

Nr. 13/1966. **Jón Daníelsson** (Hjörtur Torfason hdl.)

gegn

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

(Bogi Ingimarsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. janúar 1966, að fengnu áfrýjunarleyfi s. d. Hann

hefur fengið gjafsókn fyrir Hæstarétti. Dómkröfur hans eru, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 75.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. júlí 1957 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Lög nr. 63/1954 gera eigi ráð fyrir því, að tjónþolendum séu bætt spjöll, sem friðaðir ernir valda. Verða áfrýjanda því eigi dæmdar skaðabætur samkvæmt beinum ákvæðum laga þessara.

Eggver æðarfugla í varplöndum áfrýjanda njóta friðhelgi samkvæmt upphafsákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, 8. gr. og 9. gr. laga nr. 63/1954. Áfrýjanda var því rétt samkvæmt undirstöðurökum 12. gr. laga nr. 19/1940 að verjast árásum þeim, sem örn gerði á æðarfugl í varplöndum hans vorið 1957, með öllum tiltækilegum ráðum, sem sannanlega færu eigi lengra en nauðsyn krafði. Áfrýjandi hlitti banni yfirvalda við því að verjast erninum, svo sem hann taldi duga. Má gera ráð fyrir, að tjón áfrýjanda af völdum arnarins hafi orðið meira fyrir þá sök, að hann af hlýðni við bann yfirvalda hélt að sér höndum. Þykir eðlilegt, að ríkissjóður bæti áfrýjanda það tjón af völdum arnarins, sem áfrýjandi beið, vegna þess að hann beitti eigi varnarrétti sínum. Nokkuð er á huldu um þetta tjón áfrýjanda, enda voru eigi dómkvaddir menn til að meta það, þrátt fyrir það að áfrýjandi beiddist slíkrar dómkvaðningar í bréfi til sýslumanns 8. ágúst 1957. Hér er og þess að minnast, að svartbakur herjar mjög á eggver æðarfugla. Að öllu athuguðu, þar á meðal sönnunaraðstöðu í máli þessu, þykir rétt að meta bótaskyldt tjón áfrýjanda kr. 15.000.00. Ber að dæma stefnda til að greiða honum þessa fjárhæð ásamt 7% ársvöxtum frá 1. júlí 1957 til greiðsludags.

Kostnaður af máli þessu greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun talsmanns áfrýjanda í héraði, kr. 10.000.00, og laun talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði áfrýjanda, Jóni Danielssyni, kr. 15.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. júlí 1957 til greiðsludags.

Kostnaður af málinu greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun talsmanns áfrýjanda í héraði, Jóhannesar Lárussonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00, og laun talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, Hjartar Torfaðssonar héraðsdómslögmanns, kr. 10.000.00.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. marz 1964.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 25. f. m., hefur Jón Danielsson bóndi, Hvallátrum, Flateyjarhreppi, Austur-Barðastrandarsýslu, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, að fengnu gjafsóknarleyfi, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta. Hefur stefnandi gert þær dómkröfur aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 75.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 15. apríl 1957 til greiðsludags, en til vara, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum skaðabætur, er ákvarðaðar verði að mati dómarans, ásamt 7% ársvöxtum frá 15. apríl 1957 til greiðsludags. Hvernig sem úrslit málsins verða, krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda að skaðlausu, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Við munnlegan flutning málsins var vaxtakröfu stefnanda breytt. Var þess nú krafizt, að vextir verði dæmdir frá 1. júlí 1957.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómarans.

Stefnandi hefur stefnt menntamálaráðherra til réttargæzlu í málinu. Af hálfu réttargæzlustefnda eru engar kröfur gerðar í málinu, enda engar kröfur gerðar á hendur honum.

Í stefnu er málavöxtum lýst svo:

Vorið 1957 hélt örn sig í varplandi Hvallátra og gjörspillti því, og var æðarvarp fyrst farið að nálgast eðlilegt horf á árinu 1962. Stefnandi sneri sér til sýslumannsins í Barðastrandarsýslu, strax og örninn hóf spjöllin, og baðst leyfis að mega granda honum. Fulltrúi sýslumannsins kom ósk stefnanda á framfæri við menntamálaráðuneytið, en þar var synjað um leyfið og talið víst, að tjón stefnanda yrði bætt úr ríkissjóði. Þetta kveður stefnandi ekki

hafa verið gert þrátt fyrir ítrekuð tilmæli. Stefnandi telur tjón sitt vegna rýrnunar dúntekju, sem tvímælalaust megi kenna spjöllum arnarins á varplandinu og afleiðingum þess, nema kr. 75.000.00. Telur stefnandi ríkisvaldið bera ábyrgð á tjóni þessu og hefur því höfðað mál þetta.

Stefnandi hefur komið fyrir dóm og gefið skýrslu í málinu. Hann kveður varpland að Hvallátrum vera talið vera í um 200-300 eyjum og hólum, en misjafnlega mikið á hverjum stað. Mest kveður hann varpið muni vera í eyjum og hólum næst heimaeyjunni sjálfri, enda sé þar bezt hægt að hlúa að varpinu. Bezta varpið kveður stefnandi vera í Lyngey og hólum og eyjum í kringum hana. Eyju þessa kveður hann vera í 1—2 km. fjarlægð frá heimaeyjunni og muni taka um stundarfjórðung að fara á milli þeirra um flæði, en þegar lágsjávað er, kveður hann það geta tekið um klukkustund. Í júnímánuði 1957 kveðst stefnandi hafa orðið þess var, að örn var kominn í varpland jarðarinnar og tekinn að spilla hreiðrum og drepa fuglinn. Kveður hann örninn hafa haldið sig mest í Lingey og hafa sézt fljúga þarna yfir í nágrenninu. Strax og vart varð við örninn í varplandinu, kveðst stefnandi hafa farið og athugað aðstæður og hafi þá komið í ljós, að búið hafi verið að vinna spjöll á varplandinu. Strax þennan sama dag kveðst stefnandi svo hafa hringt til sýslumannsins í Barðastrandarsýslu og beðið um leyfi til að mega granda erninum. Fulltrúi sýslumannsins, Svavar Jóhannsson, hafi síðan átt tal við fulltrúa í menntamálaráðuneytinu og komið málaleitaninni á framfæri. Stefnandi kveður málaleitan sinni hafa verið synjað af fulltrúa menntamálaráðuneytisins og sér jafnframt bannað að granda erninum, en fulltrúi menntamálaráðuneytisins hafi talið víst, að tjón það, sem örninn kynni að valda, yrði bætt úr ríkissjóði. Stefnandi kveður örninn hafa haldið sig þarna í varplandinu í um þriggja vikna skeið, en hann kveður ekkert hafa verið gert til að fæla hann í burtu, enda kveðst hann hafa talið, að hann væri að hlýða lögunum og að hann mundi fá tjón sitt bætt samkvæmt upplýsingum sýslumannsins. Stefnandi kveður varpið í Lingey alveg hafa verið eyðilaggt, og einnig kveður hann varpinu á eyjunum þar í kring hafa verið spillt mikið. Hann kveður æðarkolluhreiðrum hafa verið spillt í hundraðatali, víða hafi fundizt æðarkolluhræ við hreiðrin, egg hafi verið horfin og dúnn ýmist farinn eða rifinn út um allt, en það, sem tekizt hafi að ná saman af dún, hafi verið léleg vara. Kveður stefnandi spjöllin hafa orðið meiri vegna þess, að

örninn hafi lagzt á varpið, þar sem það var þéttast, þ. e. þar sem mest hafði verið gert til að hæna fuglinn að. Stefnandi kveður heildartölu hreiðra þetta sumar hafa verið 3000—3500, áður en spjöll hafi verið unnin í varpinu, en hann telur, að örninn hafi spillt um 1000 hreiðrum að meira eða minna leyti. Stefnandi kveður hins vegar ekki hægt að einskorða tjónið, sem hann hefur orðið fyrir af völdum arnarins, við þann tíma, sem örninn hélt sig í varplandinu, því að æðarfuglinn hafi orðið skelfdur og forðazt varplandið og hafi það verið fyrst fimm árum síðar, sem dúntekja úr varplandinu hafi farið að nálgast eðlilegt horf. Stefnandi kveður erni hafa verið þarna í eyjunum á hverjum vetri, hafi þeir verið einn til tveir, en mest hafi hann vitað um þrjá erni. Ekki kveður hann þörf hafa verið talda á því að fæla örn burt úr eyjunum, þótt hann hafi sézt þar. Venjulega kveður hann örninn hverfa á brott úr eyjunum, þegar kemur fram á vor og hlýnar. Stefnandi kveðst vera búinn að eiga heima alla æfi á Hvallátrum og kveður þetta vera eina árið, sem örn hafi valdið tjóni í varplandinu, sem vitað er, að sé af hans völdum. Stefnandi kveður mikið af svartbaki fljúga yfir eyjarnar, en kveður hann verpa lítið í eyjunum. Hann kveður svartbakinum haldið í skefjum yfir varptímann og sé bæði eitrad fyrir hann og eins sé hann skotinn. Stefnandi kveður því varplöndin, sem haldið er við, nýtast þrátt fyrir svartbakinn.

Kröfur stefnanda eru byggðar á því, að fulltrúi menntamálaráðuneytisins hafi í símtali við fulltrúa sýslumannsins á Patreksfirði bannað, að stefnandi grandaði erninum, sem í varplandinu var, en fulltrúi menntamálaráðuneytisins hafi jafnframt lofað, að bætur yrðu greiddar úr ríkissjóði fyrir tjón það, sem stefnandi yrði fyrir af völdum arnarins. Er því haldið fram í þessu sambandi, að fordæmi sé fyrir því, að slíkar bætur hafi verið greiddar. Þá eru kröfur stefnanda á því reistar, að samkvæmt fuglafriðunarlögum sé örninn friðaður ásamt öðrum fuglum. Friðunarlög sem þessi séu takmörkun á eignarrétti manna og þau séu sjálfsögð, þegar um er að ræða friðun nytjafugla, t. d. æðarfugls. Þessu sé hins vegar ekki til að dreifa með örninn. Hann sé ekki nytjafugl, heldur ránfugl og skaðvaldur. Hann sé friðaður af tilfinningarsjónarmiðum. Því sé augljóst, að þegar löggjafinn takmarki eignarrétt manna á þennan hátt, þ. e. meini mönnum með friðunarlögum að verja eigur sínar fyrir skaðvöldum, sem friðaðir eru, þá sé eðlilegt, að ríkissjóður bæti mönnum tjón, sem þeir verða fyrir af þessum sökum.

Sýknukrafa stefnda er á því byggð, að spjöll, sem friðaðir ránfuglar valda á eignum manna, séu almennar takmarkanir á eignarrétti þeirra, sem þeir verði að sætta sig við bótalaust, enda sé með friðun arnarins ekki verið að taka eignarhald af neinum. Er á það bent í þessu sambandi, að friðun arnarins sé ekki runnin af fjáhagslegum rótum, heldur liggi að baki hennar þjóðfélagsleg, líffræðileg sjónarmið og tilfinningarástæður. Þá er því haldið fram af hálfu stefnda, að ósannað sé, að örn hafi valdið tjóni því, sem stefnandi varð fyrir. Einnig er fjárhæð bótakröfu stefnanda mótmælt sem ósannaðri.

Það er fram komið, að stefnandi er eigandi jarðarinnar Hvallátra að hluta og að fóstursystir hans, Anna Ólafsdóttir, og stjúpbörn hans, Aðalsteinn Aðalsteinsson og Björg Aðalsteinsdóttir, eiga jörðina á móti honum. Í málinu hefur ekki verið vefengt, að æðarvarp að Hvallátrum teljist hlunnindi jarðarinnar og að arður af því sé eign stefnanda sem ábúanda jarðarinnar.

Með ákvæðum veiðitilskipunarinnar frá 20. júlí 1849 var alfriðun æðarfugls hér á landi staðfest. Hefur æðarfugl síðan verið alfriðaður. — Í fyrstu almennu fuglafriðunarlögum frá 17. marz 1882 var örninn ekki friðaður. Með lögum nr. 59/1913 mun örninn fyrst hafa verið friðaður hér á landi. Var hann þá friðaður í fimm ár. Með lögum nr. 59/1919 var örninn enn friðaður og nú til ársins 1940. Ekki var í lögum þessum ákvæði um neinar bætur til handa þeim, er kynnu að verða fyrir tjóni af ágangi arnarins, eftir að friðunin gekk í gildi. Með lögum nr. 83/1940 var friðunartími arnarins framlengdur til ársloka 1950, sbr. 1. gr. Í 2. gr. laga þessara var svo ákveðið, að er örn verpi í nánd við friðlýst æðarvarp eða eyði mjög æðarvarpi, þá sé ráðherra heimilt að láta gera nauðsynlegar ráðstafanir til að verjast tjóni af völdum hans. Ekki kemur þó fram í hverju ráðstafanir þessar skyldu fólgnar. Með lögum nr. 107/1950 um breytingu á síðastgreindum lögum var friðunartími arnarins enn framlengdur til ársloka 1960. Með fuglafriðunarlögum nr. 63/1954 voru viltir fuglar alfriðaðir hér á landi, þó með nokkrum undantekningum. Með lögum var örninn alfriðaður. Eru lög þessi nú í gildi. Ekki er í lögum ákvæði um bótaskyldu ríkissjóðs vegna tjóns, sem friðaðir fuglar kunna að valda.

Á árinu 1959 var framkvæmd athugun á útbreiðslu arnarins hér á landi. Fundust þá 19 anarhreiður, en ekki var varp nema í 11 þeirra. Voru þrjú hreiður við Ísafjarðardjúp og orpið í þeim öllum, í Baðastrandarsýslu við Breiðafjörð voru 8 hreiður og orp-

ið í þrem þeirra, í Dalasýslu voru fimm hreiður og orpið í tveim þeirra, og á norðanverðu Snæfellsnesi voru þrjú hreiður og orpið í þeim öllum. Samkvæmt þessu var talið, að að minnsta kosti 38 fullorðnir ernir væru þá á lífi hér á landi á árinu 1959. Var og talið, að þessi fjöldi hefði haldizt svipaður frá því á árinu 1939.

Samkvæmt hlunnindaskýrslum Hagstofu Íslands fyrir árið 1957 var dúntekja í 73 hreppum á landinu. Eru 30 hreppar í þeim sýslum, þar sem arnarhreiður fundust árið 1959 samkvæmt framansögðu. Samkvæmt skýrslunni er dúntekja langmest í Flateyjarhreppi í Barðastrandarsýslu.

Það kemur fram í bréfi sýslumannsins í Barðastrandarsýslu til menntamálaáðuneytisins, dags. hinn 16. janúar 1958, að er stefnandi fór þess á leit vorið 1957 að mega granda erni þeim, sem þá var í varplandinu, hafi þeirri málaleitan verið synjað af fulltrúa menntamálaráðuneytisins, en fulltrúi þessi hafi talið víst, að tjón stefnanda yrði bætt af ríkissjóði. Í málinu hafa verið lögð fram vottorð, sem hann í framhaldi af þessu aflaði að ábendingu sýslumannsins í Barðastrandarsýslu um tjón það, sem örninn vann í varplandinu. — Í vottorði Jens E. Nikulássonar, Svefneyjum, kveður hann sér kunnugt um, að örn hafi haldið sig að staðaldri í varplöndum Hvallátra vorið 1957 og gert þar mikinn usla með því að rífa upp æðarhreiður og drepa fullorðna æðarfugla. Jens kveður, að eftir því sem dúntekja hafi orðið í Hvallátrum þetta vor samanborið við dúntekju í öðrum eyjum hljóti skaði af völdum arnarins að hafa orðið mikill, enda kveður hann sér kunnugt um, að dúntekja í Hvallátrum vorið 1957 hafi orðið stórum minni en í meðallagi, en vegna hagstæðs tíðarfars hafi dúntekja í öðrum eyjum orðið meiri en undanfarin ár. — Í vottorði þeirra Gísla E. Jóhannessonar og Guðmundar Guðmundssonar, Skálaleyjum, kveða þeir örn hafa haldið sig í varplöndum Hvallátra vorið 1957 og hafa gert mikinn usla í varpinu, svo að sýnt hafi verið, að af hans völdum mundi töluverð rýrnun verða á dúntekju. Þeir kveða veðráttu um varptíman hafa verið með afbrigðum góða og hafi dúnn nýttzt sérstaklega vel og sé því ástæða til að halda, að dúntekja hefði ekki orðið lakari en meðallag síðustu ára sýnir, ef örninn hefði ekki haldið sig í varplöndunum og gert þar usla. Þeir kveða dúntekju annars staðar þarna um slóðir hafa verið svipaða og undanfarin ár, sums staðar meiri, að undanskildu árinu 1956. Þá hafi allir varpeigendur orðið fyrir miklu tjóni af völdum stórflæðar, sem gengið hafi yfir um varptímann. — Í vottorði Guðmundar Guðmundssonar, Skálaleyjum, dags. 18. apríl

1958, kveðst hann hafa komið í varpland Hvallátra vorið 1957 og séð örn í landinu. Hann kveður mikið hafa verið af sundurrifnum æðarkolluhræjum við útspænd og eyðilögð hreiður. Einnig kveður hann mikið hafa borið á yfirgefnum hreiðrum. Eftir þeirri reynslu, sem hann kveðst hafa af eyðileggingu arnar í æðarvarpi, kveður hann umrætt tjón af völdum arnarins mjög mikið auk hins stórkostlega tjóns, sem síðar verði vegna fráfælingar fuglsins, sem alltaf taki mörg ár að jafna sig. — Í málinu hafa verið lögð fram vottorð fleiri nágranna stefnanda og einnig heimamanna hans, og hníga þau öll í sömu átt og greind vottorð. Af hálfu stefnda hefur vottorðum þessum verið mótmælt sem röngum og vilhöllum, en ekki hefur þeim verið mótmælt sem óstaðfestum. — Þegar virt er það, sem rakið hefur verið, skýrsla stefnanda, málaleitan hans til sýslumannsins í Barðastrandarsýslu og hliðsjón höfð af vottorðum þeim, sem hér hafa verið rakin, þá þykir verða að telja nægilega fram komið, að örn hafi haldið sig í varplöndum Hvallátra vorið 1957 og valdið þar tjóni. Gegn eindregnum andmælum af hálfu stefnda þykja ekki hafa verið færðar að því sönnur af hálfu stefnanda, að af hálfu ríkisvaldsins hafi verið gefið bindandi loforð um að bæta stefnanda tjón það, sem hann varð fyrir af völdum arnarins í umrætt sinn. Verður greiðsluskylda stefnda því ekki byggð á þeirri málsástæðu. Í málinu hefur komið fram, að á árinu 1949 eða 1950 greiddi ríkissjóður kr. 1.500.00 í bætur vegna spjalla, sem örn hafði valdið í varplandi Reykhóla í Barðastrandarsýslu. Ekki verður þó talið, að greiðsla þessi skapi fordæmi, svo að bindandi sé fyrir ríkisvaldið um greiðsluskyldu gagnvart stefnanda. Af skýrslu stefnanda kemur fram, að örninn hefur verið búinn að vinna spjöll á varpinu, þegar farið var að huga að honum. — Það er því ekki ótvírætt orsakasamband milli takmörkunar þeirrar, sem friðun arnarins hafði á aðgerðir stefnanda til varnar og tjóns þess, sem hann varð fyrir, enda verður á engan hátt fallizt á það, að ríkisvaldið beri almennt ábyrgð á öllu því tjóni, sem friðaðir fuglar kunna að valda. Þrátt fyrir þetta þykir verða að taka afstöðu til þeirrar málsástæðu stefnanda, að takmarkanir þær, sem friðun arnarins kann að hafa á hagnýtingu æðarvarps, séu slík skerðing á eignarétti manna, að ríkisvaldinu beri að bæta tjón, sem af þeim sökum hlýzt. — Í lögum nr. 83/1940 um friðun arnarins var svofellt ákvæði í 2. gr. „Nú verpir örn eða valur í nánd við friðlýst varpland, eða eyða mjög æðarvarpi, og er þá ráðherra heimilt, þrátt fyrir ákvæði 1. gr., að láta gera nauðsynlegar ráðstafanir til að

verjast tjóni af völdum þeirra“. Í fuglafriðunarlögum nr. 63/1954 er ekkert samsvarandi ákvæði eða ákvæði, sem leggur ríkisvaldinu á herðar greiðsluskyldu vegna tjóns, sem friðaðir fuglar kunna að valda. Ekki er því ríkissjóði með beinum lagaákvæðum lögð sú skylda á herðar að bæta slíkt tjón, sem stefnandi varð fyrir. Það mun almennt álitist, að örninn lifi að nokkru á æðarfugli, og alkunna er, að æðarfugl hræðist örninn og fælist og flýr varplönd, er örninn heldur sig þar eða jafnvel, er hann flýgur þar yfir. Er hér um að ræða náttúrulögmál, sem friðunaraðgerðir hafa engu um breytt. Áhætta sú, sem varpbændum stafar af þessu, er almenn í þeim landshlutum, þar sem örninn heldur sig. Verður að telja, að takmarkanir, sem friðunarlög leggja varpbændum á herðar um verndun varplanda frá ágangi arnarins, séu almennar takmarkanir eignarréttar, sem ekki brjóti í bága við ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 eða reglur íslenzks réttar að öðru leyti. Verður bótaskylda vegna tjóns þess, sem stefnandi varð fyrir af völdum arnarins, því ekki lögð á ríkissjóð. Verður stefndi því sýknaður af kröfum stefnanda í máli þessu, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Málssóknarlaun skipaðs talsmanns stefnanda, Jóhannesar Lárussonar hæstaréttarlömanns, ákveðast kr. 13.000.00.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Jóns Daníelssonar, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.

Málssóknarlaun skipaðs talsmanns stefnanda, Jóhannesar Lárussonar hæstaréttarlögmans, kr. 13.000.00, greiðast úr ríkissjóði.